

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Becromal Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	25.5.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Becromal	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Krossanesbraut	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902070120	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þórdís Huld Vignisdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Urszula Tloka	<b>Staðsetning</b>	540624,714 578699,611

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Hvorki voru skráð frávík né ábendingar í tengslum við eftirlitið.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og skiladagar og skráningar skoðaðir skv. því.

Helstu breytingar frá síðasta eftirlit snúa að því að rekstraraðili hefur hætt að nota kvikasilfur í vinnsluferlið og stað þess er komin lífræn lausn. Þessu ferli lauk í febrúar síðast liðnum. Aðrar breytingar hafa ekki orðið á starfseminni.

Niðurstöður árlegra mælinga á efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), svifögnum og kvikasilfri í frárennsli fyrir árið 2016 voru innan marka starfsleyfis. Einnig hafa niðurstöður frá samfelldri vöktun á sýrustigi, fosfór og leiðni í frárennsli verið innan marka starfsleyfis. Framkvæmdar voru hljóðmælingar í apríl sl. og voru niðurstöðurnar innan marka reglugerðar. Mælingar á ammóníaki í útblæstri frá verksmiðjunni stóðu til í vikunni eftir eftirlitið.

Engar kvartanir eða óhöpp hafa komið upp frá því í síðasta eftirliti, hvorki til rekstraraðila né eftirlitsaðila.

Skráningakerfi rekstraraðila vegna verkþátta í framleiðsuferlinu sem og annarra verklegra þátta er skráð í rafræntkerfi. Þar er skráð hvenær þeir voru framkvæmdir seinast, hvenær þarf að framkvæma þá aftur (tíðni) ásamt öðrum upplýsingum sem viðkoma verkinu. Dæmi um verk sem er skráð í kerfið er tæming olúgildra og sandsía.

Allur úrgangur sem fer frá verksmiðjunni er skráður. Rætt var um þátttöku starfsmann í flokkun en reglulega eru starfsemenn hvattir til að flokka og töluverðar framfarir hafa orðið í þeim efnum á milli ára. Spilliefnum er skilað til Hringrásar. Hluti af álþynnum sem eru framleiddar lenda í úrgangi en slíkum úrgangi er safnað saman í gám á lóð rekstraraðila og hann síðan sendur út til Evrópu í endurvinnslu.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila á réttum tíma.

Verksmiðjan var skoðuð og útsvæðið í kringum hana. Svæðið er snyrtilegt og því er vel viðhaldið. Geymslusvæði fyrir flokkaðan úrgang sem og spilliefna geymsla voru skoðuð og þar leit allt snyrtilega út. Svæðið er afgirt og aðgangur almennings takmarkaður.

## ANNAÐ

Í eftirlitinu kom fram að samráðsfundur með heilbrigðiseftirlitinu ætti að fara fram í ár og boðað yrði til hans á haustdögum.

Viðstaddir eftirlitið voru einnig Rúnar Sigurpálsson og Florian Delpoux, báðir fyrir hönd rekstraraðila.

Reykjavík, 29.05.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Steinunn Karlsdóttir*

---

Steinunn Karlsdóttir